

Fundargerð 1. október

Mætt: Birna Valdimarsdóttir, Jón Karl 9. bekk, María Einarsdóttir, Helga Rós, Íris Olga, Trostan

1. Starfsáætlun

Nemendur eru 109 á þessu skólaári

Hópaskipting ekki eins öll ár og ræðst það að nokkru af nemendafjölda. Í ár er skiptingin svo:

1.-3.b

4.-5.b

6.-7.b, reyndar skipti að nokkru leyti.

8., 9. og 10.b. sér nema í valgreinum en þá blandast nemendur.

Fastir liðir:

Árshátíð yngri og eldri

Dagur íslenskrar tungu í samstarfi við Kammerkórinn, hátíð á Löngumýri

Dagur tónlistar

Litlu-jólin

Heimsóknir: List fyrir alla nýlokið, skáld í skólum á næstu vikum svo að eitthvað sé nefnt.

Afmælishátíð skólans

Í nóvember verða 50 ár liðin frá því að skólabyggingin var tekin í notkun. Ráðgert að halda upp á þau tímamót. Reiknað með að gera það með vorinu eða í aðdraganda Sæluviku.

Samstarf við aðra skóla

FNV - hefur minnkað með árunum, enda hefur nemendafjöldi þar aukist og því erfiðara að komast að í kynningu eða valgreinar á verkgreinasviðinu en var fyrir um áratug. Nemendur fá enn kynningu á skólanum, námsframboði og félagslífinu.

Sú breyting hefur orðið á aðalnámskrá að kjósi nemendur að taka námskeið á framhaldsskólastigi er það á kostnað foreldra, en ekki skólans eins og verið hefur.

Þróunaverkefni

Frígg, nýtt kerfi sem geymir upplýsingar um alla nemendur. Upplýsingar um skólagöngu og námsferil eiga að safnast inná island.is, m.a. lesferlar, skólaganga, leyfisbeiðni, leyfi fyrir myndbirtingu og fleira verður geymt þar inni.

Uppfærsla á greinasviðum

Unnið hefur verið að þessu verkefni um nokkurt skeið og gefur MMS efnið svo út þegar það er tilbúið. Gert er ráð fyrir að fylgja innleiðingu vel eftir svo að hún takist og er henni því ætlaður drjúgur tími.

Stoðþjónusta og farsæld

Farsældarlögin sett til þess að grípa öll mál eins snemma og kostur er. Þrjú þrep

Fyrst er heilsugæslan; hjúkrunarfræðingur hér einu sinni í viku og getur verið fyrsti tengiliður.

Gaman saman

Samstarf milli skóla og leikskóla er farið af stað

Rætt um hvenær leikskólinn taki til starfa

Mentor

Skólinn stefnir í að skipta yfir í annað kerfi en ætlum að bíða þar til ný greinasvið verða öll tilbúin frá MSS

Gallar og kostir ræddir.

Fyrirspurn frá foreldrafundi: Má Sirrý Sif sitja áfram í skólaráði og svarið er já. Kosning þarf að fara fram, en ekki er hámarkstími á setu fulltrúa svo lengi sem þeir eiga barn í skóla.

Starfsáætlun samþykkt með þeim fyrirvara að lagfæra fáein atriði sem bent var á. Ábendingar lagðar fram og áætlunin lagfærð.

2. Uppfærsla Menntastefnu Skagafjarðar

Trostan fór yfir tilurð og stöðu menntastefnunnar frá 2020. Í framhaldi var svo farið yfir vinnuferlið á næstunni. Stýrihóp, kannanir sem sendar eru út á meðal starfsfólks, heimsóknir í skóla, íbúafundi, allt til þess hugsað að sem flestir geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri.

3. Tillaga að fundadagskrá ársins.

5.nóvember, 3.desember, 4.febrúar, 4.mars, 8.apríl, [6.maí](#) - dagskrá samþykkt
Fundað kl. 8:20 alla þessa daga.

Engin önnur mál og fundi slitið

Fundarritari: Íris Olga